







Bellman Audio Maxi stafrænn hljóðmagnari




Að hefjast handa

Að taka tækið upp, koma því í gang og prófa það.

1. Rafhlöðuhólfið (17) er opnað með því að ýta á lásinn (16) í stefnu örvarinnar. Rafhlöðurnar eru settar í en gæta þarf þess að þær snúi rétt eins og merkingar í hólfinu (14) sýna. Nota skal ávallt alkalíraflöður af gerðinni AA. Ekki á að nota mikinn kraft þegar rafhlöður eru settar í. Rafhlöðuhólfinu (17) er lokað en fylgjast þarf með að lásinn (16) smelli aftur.
2. Heyrnartólin eru tengd við græna tengilinn á hægri hlið hljóðmagnarans.
3. Kveikt er á tækinu með því ýta létt á takkann  (5). Ljósín (3 og 4) fyrir ofan takkana val á hljóðnema  (6) og val á tónmöskva  (7) munu blikka á meðan hljóðmagnarinn er að ræsast.

Þegar kveikt er á hljóðmagnaranum er ætíð stillt á innri hljóðnema (2). Auk þess er styrkurinn stilltur lágt til að koma í veg fyrir óþægilegan hávaða.

Nota á styrkstillinn  til að stilla hljóðstyrkinn  hækkar en  lækkar. Ljósið fyrir ofan takkana sýnir hver hljóðstyrkurinn er, ljósið fer lengra til hægri þegar hljóðið er hækkað en það slokknar 3 sekúndum eftir að styrkstilli er sleppt.

Nota á tónvalstakkana  til að stilla hljóðgæðin  eykur diskant en  minnkar diskant. Ljósið fyrir ofan takkana sýnir hversu mikill diskantinn er.

Slökkt er á hljóðmagnaranum með því að ýta laust á rofann  (5).

Virgni

BE2020 Bellman Audio Maxi Digital er stafrænn hljóðmagnari sem er sérstaklega gerður til að tryggja einstök hljóðgæði við krefjandi aðstæður. Innbyggði hljóðneminn er gerður fyrir tal og tónlist en einnig má tengja við tækið ytri hljóðnema eða aðra hljóðgjafa.

Innbyggði hljóðneminn

Innbyggði hljóðneminn er undir gúmmíloki á efrienda tækisins. Hann nemur hljóð úr öllum áttum.

T-spóla



Í tækinu er T-spóla sem er undir 45° horni svo hún nemi merki bæði í láréttri stöðu (tækið á borði eða í hönd) og lóðréttu stöðu (tækið í vasa eða í hálssnúru).

T-spóluna má nota á opinberum stöðum sem hafa tónmöskva. Ef ekki er ljóst hvort tónmöskvi sé á staðnum má athuga hvort merkið, sem mynd er af hér til hægri, sé einhversstaðar sjáanlegt einnig má spyrja forsvarsmenn staðarins hvort tónmöskvi sé til staðar.



Að velja á milli hljóðgjafa

Það er mjög einfalt að velja hljóðgjafa

- Velja má á milli innbyggða hljóðnemans (M) og T-spólunnar í tækinu (T) með því að þrýsta á hnappana  (6) og  (7) framan á tækinu. Þegar skipt er á milli þessara stillinga lækkar styrkurinn til að koma í veg fyrir óþægilegan hávaða.
- Ef ytri hljóðgjafi er tengdur við rauða tengilinn efst á tækinu velur það hann sjálfkrafa. Þegar hljóðgjafinn er aftengdur skiptir tækið sjálfkrafa yfir á innri hljóðnemann (M).


Ytri hljóðgjafar

Ef kapall fyrir hljóðmerki (aukahlutur BE9126) er tengdur á milli rauða tengilsins efst á tækinu og hljóðgjafa (SCART-tengi, hi-fi-tæki, MP3-spilari o.s.frv.) velur tækið það sjálfkrafa. Tækið metur inngangsstyrkinn sjálfkrafa og stillir mögnunina í samræmi við hljóðgjafann. Innri hljóðneminn (2) aftengist sjálfkrafa þegar ytri tæki eru tengd.

Hljóðgjöfum blandað saman

Þegar ytri hljóðgjafi er tengdur við rauða tengilinn á tækinu (1) má blanda hljóðinu frá honum við hljóðið sem innri hljóðneminn (2) nemur en það er gert með því að halda (M) takkanum (6) inni.

Hljóðið frá hljóðgjafanum lækkar um leið og innri hljóðneminn tengist og maður heyrir hljóð umhverfis sig og getur haldið uppi samræðum. Ljósið á tækinu blikkar á meðan hnappnum er haldið inni.

Þegar  takkanum (6) er sleppt aftengist innri hljóðneminn og það heyrir eingöngu í ytri hljóðgjafanum með eðlilegum hljóðstyrk.

Ljósmerki og stillingar

Ljós sem sýnir hljóðstyrk og tón



Þessi ljós (8) sýna sambandið á milli stillingu hljóðstyrks og tóngerðar. Til að spara rafhlöður slokknar á ljósinu 3 sekúndum eftir að takkanum er sleppt.

Ljós sem sýnir að rafhlöður séu að tæmast

Ljósið kviknar aðeins þegar rafhlöður eru að verða tómar eða þær eiga um það bil 10 tíma eftir en tíminn er háður stillingu tækis s.s. styrk.

Þegar ljósið blikkar með 7 sekúnda bili á að skipta um rafhlöður en aðeins má nota alkalískar AA-rafhlöður.

Hljóðstyrkur stilltur

Hljóðmagnarinn er með stafrænan styrkstilli  (9) svo auka og minnka má hljóðstyrkinn með því að ýta á hnappana  (9). Í hvert skipti sem ýtt er á takka eykst eða minnkar hljóðstyrkurinn um eitt stig.

Ef takka er haldið inni í meira en eina sekúndu breytist hljóðstyrkurinn um eitt stig á hverri sekúndu þar til hnappnum er sleppt eða þar til styrkur er kominn í hæstu eða lægstu stöðu. Við mesta hljóðstyrk er ljós á allri línunni fyrir ofan takkana (8) en við minnsta hljóðstyrk logar aðeins eitt ljós lengst til vinstri.

Tónstillir

Hljóðmagnarinn er með stafrænan tónstilli (10) en með honum má auka eða minnka diskantinn. Í hvert skipti sem ýtt er á takka eykst eða minnkar diskantinn um eitt stig.

Ef takka er haldið inni í meira en eina sekúndu breytist diskantinn um eitt stig á hverri sekúndu þar til hnappnum er sleppt eða þar til breyting er kominn í hæstu eða lægstu stöðu. Við mesta diskant er ljós á allri línunni fyrir ofan takkana (8) en við minnsta diskant logar aðeins eitt ljós lengst til vinstri.

Fáein atriði sem á geta bjátað

Lýsing	Möguleg úrbót
Það kviknar ekki á tækinu þegar þrýst er á rofann (M).	Skipta um rafhlöður. Nota á aðeins alkalírafhlöður af AA-gerð.
Það heyrir ekkert í heyrnartækjum þegar kveikt er á tækinu.	Athuga hvort stillt sé á réttan hljóðinngang er t.d. innri hljóðneminn valinn (M)?

1. Inngangur fyrir ytri hljóðgjafa, 2,5 mm innstunga
2. Innri hljóðnemi
3. Hljóðnema ljós
4. T-spóluljós
5. Rofi, kveikt og slökkt (M)
6. Takki til að velja á milli hljóðnema (M)
7. Takki til að velja T-spólu (T)
8. Ljós sem sýna hljóðstyrk og tón
9. Styrkstillir (M)
10. Tónstillir (M)
11. Ljós sem sýnir að rafhlöður séu að tæmast
12. Inngangur fyrir heyrnartól, 3,5 mm tengi
13. Festing fyrir hálsnúru
14. Rafhlöðuhólf
15. Stillihnappur
16. Rafhlöðulás
17. Rafhlöðuhólf
18. Klemma



HEYRN ehf, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, kt: 590307-0920,
sími: 534 9600, netfang: heyrn@heyirn.is, vefur: www.heyirn.is